

Nd.

171. Nefndarálit

um frv. til laga nm loftskýttæki á botnvörpunskipum og nm eftirlit með loftskýttanotkun islenskra veiðiskipa.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Samkomulag hefir eigi náðst í nefndinni nm afgreiðslu þessa máls. Vill minni hl. eigi afgreiða frv., nema þá gerbreytt að efni og orðbúningi.

Meiri hlutinn telur hinsvegar nauðsyn ber til að skerpa eftirlit um loftskreytanotkun veiðiskipa, bæði vegna hættu á misbrúkun loftskreytanna til að stuðla að landhelgibrotum og til þess að hnekkja þeim grunsemdum annara þjóða, að innlend botnvörpuskip sleppi við lagaaðför, þótt brotleg sán, vegna aðvarana um ferðir varðskipanna og aðrar hættur á uppljóstun um landhelgibrot.

Um einstök framkvæmdaratriði eftirlitsins teljum vér rétt að breyta til frá ákvæðum frv., svo sem ákvæði 3. gr. um afhendingu lykla að dulmáli, refsiakvæði 5. gr. og fyrirmæli 6. gr. um svipting frjálstrar notkunar loftskreyta, þegar í hlut á grunnaðnr málsaðili. Ennfremur leggjum einn úr meiri hl. (Ásg. Ásgeirsson) til, að niðnr falli síðasta málsgr. 4. gr.

Eftir framansögðu leggjum vér til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi.

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna »láta dómismálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli« komi: láta landssímastjóra í té lykil að hverju því dulmáli.
2. Við 4. gr. (frá Ásg. Ásgeirssyni): Síðasta málsgrein falli niður.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna »í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar 1 ár. . . . sektum frá 500—10000 kr.« komi: í annað sinn missa rétt til skipstjórnar um allt að tveggja ára tíma. Verði hann í þriðja sinn sannur að sök, missir hann skipstjórnarréttindi fyrir fullt og allt.
Brjóti einhver gegn 1. málsgr. 4. gr. eða verði að öðrn leyti einhver brotlegur gegn 4. gr., annar en þeir, sem nefndir eru í 1. málsgr. þessarar greinar, sæti hann sektum frá 200—2000 kr.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna »og skal þá dómismálaráðuneytinu og skipstjórnarmenn«, komi: og skal þá dómismálaráðuneytinn heimilt, meðan á réttarrannsókn og dómsuppsögn stendur, að svipta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn.

Alþingi, 22. febr. 1930.

Sveinn Ólafsson,
form. og frsm.

Signrjón Á. Ólafsson,
fundaskrifari.

Ásg. Ásgeirsson.